

## GJALDSKRÁ

### fyrir þjónustu Flugmálastjórnar Íslands.

#### 1. Útgáfa skírteina – einstaklingar.

1.1 Mat og vottun skv. föstu gjaldi.

Greiða skal fast gjald fyrir mat og/eða vottun, staðfestingu heimilda, endurnýjun og endurútgáfu vegna eftirfarandi gagna:

	kr.
<b>Ný útgáfa.</b>	
1.1.1 Flugnemaskírteini	5.500
1.1.2 Einkaflugmannsskírteini	5.500
1.1.3 Atvinnuflugmannsskírteini CPL(A)/IR og atvinnuflugmannsskírteini 1. fl. (ATPL)	8.500
1.1.4 Flugvélstjórnarskírteini (ICAO)	8.500
1.1.5 Skírteini fisflugmanns	5.500
1.1.6 Svifflugmannsskírteini	5.500
1.1.7 Skírteini stjórnanda frjáls loftbelgs	5.500
1.1.8 Flugvéltæknaskírteini (ICAO og Part 66)	8.500
1.1.9 Flugumferðastjórnarskírteini	8.500
1.1.10 Flugumsjónarmannsskírteini	8.500
<b>Endurútgáfa skírteina.</b>	
1.1.20 Framlenging á gildistíma og endurútgáfa á glötuðum skírteinum	3.500
1.1.21 Framlenging á gildistíma og endurútgáfa á glötuðum skírteinum (flugnemi, einkaflugmaður, fis, svifflugmaður)	2.500
1.1.22 Endurnýjun á skírteinum sem fallin eru úr gildi	3.500
1.1.23 Endurnýjun á skírteinum sem fallin eru úr gildi (flugnemi, einkaflugmaður, fis, svifflugmaður)	2.500
1.1.24 Nýjar áritanir á einstjórnarloftför aðrar en tegundaáritanir	2.500
1.1.25 Nýjar tegundaáritanir á einstjórnarloftför, þ.m.t. kennaraáritanir fyrir tegund (CRI)	6.500
1.1.26 Nýjar tegundaáritanir á fjölstjórnarloftför, þ.m.t. kennaraáritanir (TRI) og kennaraheimildir SFI, MCCI.	6.500
1.1.27 Nýjar áritanir flugumferðarstjóra	6.500
1.1.28 Nýjar áritanir flugvéltækna (Part 66)	6.500
1.1.29 Endurútgáfa vegna útrunninna áritana á einstjórnarloftför sem eru útrunnar í meira en 6 mánuði (> 6 mán.)	2.500
1.1.30 Endurútgáfa vegna útrunninna áritana á fjölstjórnarloftför sem eru útrunnar í meira en 6 mánuði (> 6 mán.)	3.500
1.1.31 Endurútgáfa vegna útrunninna áritana á fjölstjórnarloftför sem eru útrunnar í meira en 12 mánuði (> 12 mán.)	6.500
1.1.32 Endurútgáfa á skírteini af öðrum ástæðum.	3.500

<b>Umbreyting í JAR – EASA skírteini.</b>		kr.
1.1.40	Umbreyting á einkaflugmannsskírteini í JAR-FCL eða EASA skírteini	5.500
1.1.41	Umbreyting á atvinnuflugmannsskírteini (CPL eða ATPL) í JAR-FCL eða EASA skírteini	14.000
1.1.42	Umbreyting á flugvéltæknaskírteini (ICAO) í Part 66	14.000
1.1.43	Öflun gagna, staðfesting og útgáfa á íslensku JAA skírteini sem byggist á JAA skírteini sem er útgefið í öðru ríki.	18.800
<b>Fullgildingar.</b>		
1.1.50	Fullgilding á erlendu ICAO skírteini	16.000
<b>Prófdómarheimildir.</b>		
1.1.60	Prófdómarheimildir TRE, SFE (fjölstjórnarloftför)	8.500
1.1.61	Prófdómarheimildir FE, CRE, TRE (einstjórnarloftför)	8.500
1.1.62	Endurútgáfa (breyting, framlenging, endurnýjun)	5.500
<b>Annað.</b>		
1.1.70	Fyrsta útgáfa á 1. fl. heilbrigðisvottorði	2.000
1.1.71	Formleg staðfesting á heimildum	1.000

## 1.2 Mat og vottun – tímagjald.

Í sérstökum tilvikum skal fyrir mat og/eða vottun á gögnum sem fylgja umsókn um réttindi eða heimildir fyrir hverja klukkustund sem matið/vottunin tekur. Þetta á við í sérstökum tilvikum ef afla þarf auka gagna eða fá umfjöllun sérfræðinga umfram það sem hefðbundið er. Umsækjanda skal gerð grein fyrir væntanlegum kostnaði fyrirfram. 7.120 kr./klst.

## 2. Útgáfa starfsleyfa og skírteina – lögaðilar.

### 2.1 Mat á gögnum – vottun.

Greiða skal fyrir útgáfu starfsleyfa og skráningu vegna rekstrar, mat og/eða vottun á gögnum sem fylgja umsókn um réttindi eða heimildir fyrir hverja klukkustund sem matið/vottunin tekur. Einnig ef nauðsynlegt er að gera úttekt vegna matsins/vottunar 7.120 kr./klst.

Heimilt skal að krefja umsækjanda um fyrirframgreiðslu vegna yfirferðar á gögnum, úttektum og allra samskipta meðan á mats- og/eða vottunarferli stendur, sbr. gr. 10.1.

*Þessi liður tekur m.a. til útg. flugrekandaskírteinis, flugrekstrarleyfis, heimildar til tæknistjórnunar (Part M), yfirferðar fjárhagsgagna vegna flugrekstrarleyfis auk annarra gagna, heimilda til reksturs flugvalla og flugstöðva, skráningar landingastaðar, útgáfa starfsleyfis fyrir flugleiðsöguþjónustu, viðhaldsstöðva og verkstæða, heimildar til reksturs fluglækna-seturs, flugskóla, skóla fyrir flugleiðsöguþjónustu (flugumferðarþjónustu), skóla fyrir flugvéltækna og viðhaldsvotta, reksturs flugprófunarþjónustu, reksturs hjálfunarbúnaðar (flughermar og flughjálpar), reksturs útleigu loftfara í atvinnuskyni o.fl.*

## 3. Útgáfa lofthæfiskírteina og hávaða- og mengunarvottorðs.

### 3.1 Greiða skal fyrir fyrstu útgáfu lofthæfiskírteinis vélknúinna loftfara:

3.1.1	Fyrir loftför allt að 2.700 kg	13.680 kr. + 9,36 kr./kg
3.1.2	Fyrir loftför 2.701-5.700 kg	20.400 kr. + 7,80 kr./kg

3.1.3	Fyrir loftför 5.701-50.000 kg	96.000 kr. + 8,40 kr./kg
3.1.4	Fyrir loftför yfir 50.000 kg	480.000 kr. + 4,80 kr./kg

Heimilt er að endurgreiða hlutfallslega gjald vegna fyrstu útgáfu lofthæfiskírteinis, ef skráning loftfars varir skemur en 12 mánuði. Endurgreiða skal 1/12 hluta gjaldsins fyrir hvern heilan mánuð sem loftfarið er skemur á skrá en 12 mánuði, þó þannig að lágmarksgjald sé 6/12 fulls gjalds.

- 3.2 Gjald fyrir útgáfu lofthæfiskírteinis til útflutnings er helmingur gjalds fyrir fyrstu útgáfu.
- 3.3 Gjald fyrir útgáfu tímabundins lofthæfiskírteinis sem gilda skal skemur en 30 daga (t.d. framlengingu lofthæfiskírteinis eða ferjuheimild) skal nema 3/12 af gjaldi fyrir fyrstu útgáfu lofthæfiskírteinis. Fyrir gildistíma umfram 30 daga skal gjaldið vera hlutfall af gjaldi fyrir fyrstu útgáfu lofthæfiskírteinis á hvern byrjaðan mánuð, þó minnst 3/12 af gjaldi skv. 3.1.
- 3.4 Gjald fyrir fyrstu útgáfu lofthæfiskírteinis loftfars sem ekki er vélknúíð er 25% af gjaldi fyrir vélknúín loftför.
- 3.5 Nú er loftfar skráð erlendis fært á flugrekandaskírteini íslensks flugrekanda og skal þá greiða fyrir heimildina eins og um fyrstu útgáfu lofthæfiskírteinis héraðs væri að ræða.
- 3.6 Fyrir útgáfu vottorðs til staðfestingar á lofthæfi skal greiða samkvæmt tímagjaldi sbr. gr. 2.1.
- 3.7 Útgáfa hávaða- og mengunarvottorða.  
[Hér á að vera eyða]

#### 4. Skráning loftfars.

		kr.
4.1	Skráning loftfars til almannaflegs	33.000
4.2	Skráning loftfars til flutningaflugs, verkflugs og ríkisflugs	66.000
4.3	Breyting á eldri skráningu (eigendaskipti, nafnabreyting o.fl.)	5.000
4.4	Breyting á skráningu loftfars í flutningaflugi og/eða loftfars í eigu erlendra aðila	Tímagjald skv. gr. 2.1

#### 5. Árgjöld vegna framhaldsvottunar og eftirlits.

- 5.1 Loftför í einka- og kennsluflugi.
- 5.1.1 Greiða skal árgjald vegna eftirlits með loftförum í einkaflugi sem eru undir 2.701 kg 13.680 kr. + 9,36 kr./kg.
- 5.1.2 Greiða skal árgjald vegna eftirlits með loftförum í einka- og kennsluflugi sem eru með flugtaks massa yfir 2.700 kg skv. gr. 5.2.
- 5.1.3 Árgjald fyrir eftirlit með sviffflugvélum og heimasníðuðum loftförum er 25% af árgjaldi skv. gr. 5.1.1.
- 5.2 Loftför í flutninga- og verkflugi og ríkisflugi.
- 5.2.1 Árgjald fyrir flugrekandaskírteini og heimild til tæknistjórnunar (Part-M) þar með fyrir viðvarandi lofthæfi einstakra loftfara miðast við hámarksflugtaks massa þeirra loftfara sem flugrekandi er umráðandi yfir svo og fjölda þeirra. Árgjald fyrir hvert vélknúíð loftfar er:

5.2.1.1	Fyrir loftför allt að 2.700 kg	40.040 kr. + 8,58 kr./kg
5.2.1.2	Fyrir loftför 2.701-5.700 kg	68.200 kr. + 7,15 kr./kg
5.2.1.3	Fyrir loftför 5.701-50.000 kg	220.000 kr. + 7,70 kr./kg
5.2.1.4	Fyrir loftför yfir 50.000 kg	638.000 kr. + 4,40 kr./kg

Framangreind árgjöld gilda einnig fyrir loftför með erlend skrásetningarnúmer sem eru starfrækt af íslenskum flugrekendum svo og fyrir loftför skrásett héraendis í rekstri á erlendu flugrekendaskírteini.

### 5.3 Flugrekstrarleyfi.

- 5.3.1 Árgjald fyrir flugrekstrarleyfi þeirra sem eingöngu reka loftför með minna en 10 tonna hámarksflugtaksþunga og eða færri en 20 sæti 30.000 kr.
- 5.3.2 Árgjald fyrir flugrekstrarleyfi þeirra er reka loftför með meira en 10 tonna hámarksflugtaksþunga 60.000 kr.
- 5.3.3 Komi í ljós að gögn vanti, að gögn eru ófullkomin eða þeim ábótavant, t.d. vanti áritun löggilts endurskoðanda á endurskoðaða ársreikninga o.fl., skal Flugmálastjórn heimilt að krefjast gjalds vegna yfirferðar þeirra í samræmi við gr. 2.1, sbr. gr. 10.3 í gjaldskrá þessari.

### 5.4 Viðhaldsstöðvar og verkstæði.

Árgjald fyrir eftirlit með rekstri viðhaldsstöðva og verkstæða er samkvæmt eftirfarandi töflu, en vottunarstarf vegna útgáfu fyrstu heimilda er samkvæmt grein 2.1:

Fjöldi ársverka í viðhaldsstöð		Árgjald kr.
Færri en	3	42.750
Milli	3 og 5	106.875
Milli	5,1 og 10	213.750
Milli	10,1 og 20	534.375
Milli	20,1 og 36	855.000
Milli	36,1 og 50	1.710.000
Milli	50,1 og 100	2.565.000
Milli	100,1 og 150	3.420.000
Milli	150,1 og 300	5.130.000
Milli	300,1 og 500	6.840.000
Milli	500,1 og 600	8.550.000
Milli	600,1 og 750	10.687.500
Fleiri en	750,1	12.825.000

Miða skal við að ársverk samsvari 52 vinnuvikum eða fullu starfi eins einstaklings í ár þar með talið orlof og eðlilegar fjarvistir. Miða skal við meðaltal og ekki taka tillit til mismunandi fjölda vinnustunda sem staðið geta að baki vinnu hvers einstaklings á ári, m.a. vegna yfirvinnu.

### 5.5 Flug- og þyrluvellir.

- 5.5.1 Flugvöllur í flokki I, sem starfrækir blindlendingarkerfi í flokki II eða III 3.000.000 kr.

5.5.2	Flugvöllur í flokki I, sem starfrækir blindlendingarkerfi í flokki I	2.500.000
5.5.3	Flugvöllur í flokki I, án blindlendingarkerfa	2.000.000
5.5.4	Flugvöllur í flokki II	1.000.000
5.5.5	Flugvöllur í flokki II, sem starfrækir blindlendingarkerfi	1.500.000
5.5.6	Þyrluvöllur	250.000
5.5.7	Hver flugbraut umfram eina (aths. eitt gjald er innheimt þótt landingar/flugtök séu úr báðum áttum)	500.000
5.6	Lendingarstaðir.	kr.
5.6.1	Árgjald fyrir skráðan landingarstað	25.000
5.6.2	Árgjald fyrir skráðan landingarstað með ljósabúnaði og/eða blindaðflugi	200.000
5.7	Flugstöðvar. [Hér á að vera eyða]	
5.8	Flugvernd. Samþykki vegna flugverndar	
5.8.1	Flugvellir með millilandaflug (landamærastöð)	[Hér á að vera eyða]
5.8.2	Flugrekendur með staðfestu utan EES og EFTA vegna samþykkis vegna flugverndar greiði gjald sbr. gr. 2.1.	
5.8.3	Viðurkenndur umboðsaðili	Tímagjald sbr. gr. 2.1
5.8.4	Aðilar sem sjá flugrekendum fyrir flugvistum, birgðum og aðföngum	Tímagjald sbr. gr. 2.1
5.8.5	Aðilar sem sjá flugrekendum fyrir flugafgreiðslu á jörðu niðri	Tímagjald sbr. gr. 2.1
5.8.6	Aðilar sem sjá flugrekendum fyrir ræstingaþjónustu um borð í loftförum og sjá flugvöllum fyrir ræstingaþjónustu innan hafta-svæðis flugverndar	Tímagjald sbr. gr. 2.1
5.8.7	Póstrekendur og fyrirtæki er annast hraðsendingar og/eða boðsendingar	200.000 kr.
5.9	Flugskólar.	kr.
5.9.1	Skráður flugskóli sem kennir til einkaflugmannsprófs	30.000
5.9.2	Samþykktur flugskóli (FTO – allt að 3 námskeið)	90.000
5.9.3	Tegundaráritunarskóli (TRTO – allt að 3 námskeið)	90.000
5.9.4	Viðbótargjald fyrir hvert námskeið umfram þrjú (FTO/TRTO)	10.000
5.9.5	Vottun og viðurkenning á hvers konar breytingum t.d. kennslu, þjálfun og búnaði er samkvæmt tímagjaldi, sbr. gr. 2.1.	
5.9.6	Flugskólar greiða tímagjald skv. gr. 2.1 vegna mats á fjárhag skv. reglugerð um flugskóla.	
5.10	Eftirlit með þjálfunarbúnaði (rekstri flugherma og flugþjálfva). Eftirlit með þjálfunarbúnaði er skv. tímagjaldi, sbr. gr. 2.1.	
5.11	Skóli fyrir flugleiðsöguþjónustu (flugumferðarþjónustu).	

Eftirlit með skóla fyrir flugleiðsöguþjónustu er skv. tímagjaldi, sbr. gr. 2.1.

5.12 Skóli fyrir flugvéltækna (Part 147) og viðhaldsvotta.

Eftirlit með skóla fyrir flugvéltækna og viðhaldsvotta er skv. tímagjaldi, sbr. gr. 2.1.

5.13 Starfsleyfi flugleiðsöguþjónustu.

5.13.1 Starfsleyfishafi flugleiðsöguþjónustu skal greiða fyrir 3,5 ársverk sérfræðinga Flugmálastjórnar Íslands. Kostnaður við ársverk skal reiknaður út frá tímagjaldi sbr. gr. 2.1 og margfaldað með 1.720 klst./á ári. Ennfremur skal greiða fyrir alla aðkeypta sérfræðiþjónustu sbr. gr. 10.3.

5.13.2 Fari vinna tengd flugleiðsöguþjónustu fram yfir 3,5 ársverk skal greiða tímagjald sbr. gr. 2.1 til viðbótar gjaldi skv. 5.13.1.

5.14 Flugprófunarþjónusta.

Eftirlit með flugprófunarþjónustu er samkvæmt tímagjaldi, sbr. gr. 2.1.

5.15 Fluglæknasetur.

[Hér á að vera eyða]

5.16 Flugklúbbar sem sæta eftirliti (fis/heimasmíði/svifflug).

[Hér á að vera eyða]

5.17 Námskeiðahald.

5.17.1	Gjald fyrir heimild til einstaks námskeiðshalds hjá flugrekanda	kr. 50.000
5.17.2	Gjald fyrir heimild til einstaks námskeiðshalds hjá viðhaldsaðila	50.000

5.18 Útleiga loftfara í atvinnuskyni.

Eftirlit með útleigu loftfara í atvinnuskyni er samkvæmt tímagjaldi, sbr. gr. 2.1. Nú er handhafi leyfis til útleigu loftfara í atvinnuskyni jafnframt með leyfi til flugreksturs eða með skráðan flugskóla og fellur þá gjaldið niður.

## 6. Prófgjöld.

6.1 Bókleg próf sem haldin eru af Flugmálastjórn Íslands:

		kr.
6.1.1	Bóklegt einkaflugmannspróf (öll próf)	12.600
6.1.2	Bóklegt atvinnuflugmannspróf 1. fl. (ATP) (öll próf)	36.360
6.1.3	Blindflugspróf	16.320
6.1.4	Flugumsjónarmannspróf	16.320
6.1.5	Flugrekstrarstjóra- og tæknistjóraþróf	13.200
6.1.6	Fyrir hlutapróf og endurtekningu prófa í einstökum greinum greiðist fyrir hverja grein	4.080

6.2 Verklef próf.

Fyrir verkleg próf tekin hjá prófdómurum sem tilnefndir hafa verið eða staðfestir af Flugmálastjórn/flugöryggissviði. Próftakar leggja sjálfir til loftför og greiða kostnað af próftökunni til Flugmálastjórnar.

	kr.
6.2.1 Einkaflugmannspróf með flokksáritun (SEP)	31.536
6.2.2 Atvinnuflugmannspróf með flokksáritun (SEP)	25.229
6.2.3 Atvinnuflugmannspróf með flokksáritun fyrir fjölhreyflaflugvél (MEP)	34.690
6.2.4 Flokksáritunarpróf fyrir fjölhreyfla flugvél (MEP)	25.229
6.2.5 Flugkennarapróf	31.536
6.2.6 Blindflugspróf á eins- og fjölhreyflaflugvél	31.536
6.2.7 Fyrsta próf fyrir blindflugsáritun á fjölhreyflaflugvél (MEP/IR) fyrir handhafa (SEP/IR)	25.229
6.2.8 Hæfnipróf / Fjölhreyfla (MEP)	18.922
6.2.9 Hæfnipróf / Fjölhreyfla + blindflug (MEP+IR)	18.922
6.2.10 Hæfnipróf / Flugkennara (FI)	18.922
6.2.11 Hæfnipróf / Blindflug (IR)	18.922
6.2.12 Hæfnipróf / Einshreyfils (SEP)	18.922
6.2.13 Þýrta – Færnipróf: Atvinnuflugmannspróf / Einkaflugmannspróf / Blindflugspróf / Kennarapróf	31.536
6.2.14 Þýrta – Ýmis hæfnipróf	18.922
6.3 Greiða ber fyrir eftirlitsmann í flughermi erlendis og héraendis eftir því sem við á hverju sinni samkvæmt tímagjaldi, sbr. gr. 2.1, að hámarki 8 klst. á degi hverjum.	

## 7. Ýmsar leyfisheimildir og vottanir.

7.1 Flugsýningar.	
7.2 Flugkeppni.	
7.3 Fallhlífastökk.	
7.4 Lágflug.	
7.5 Listflug.	
7.6 Flugeldasýning.	
7.7 Yfirferð váttryggingaskilmála	Tímagjald, sbr. gr. 2.1
7.8 Yfirflug með takmarkað lofthæfiskírteini	10.000 kr.

Almennt er ekki tekið gjald fyrir liðina 7.1-7.6 enda sé um einstaka viðburði að ræða og ekki þörf á að kalla eftir viðbótagögnum, votta gögn eða gera sérstakar úttektir. Ef þess er þörf er greitt tímagjald fyrir þá vinnu, sbr. gr. 2.1.

## 8. Samhæfing og samstarf við erlend stjórnvöld.

Vegna samhæfingar eða samstarfs við erlend stjórnvöld í þágu eftirlitsskylds aðila, þ.m.t. vegna samningagerðar og framsals eftirlits, er greitt skv. föstu gjaldi á hverja unna klukkustund, sbr. gr. 2.1.

## 9. Sérstök þjónusta sem óskað er.

Vegna sérstakrar þjónustu sem óskað er eftir vegna vottunar, viðurkenningar, prófunar eða veitingar heimilda, skv. föstu gjaldi á hverja unna klukkustund, sbr. gr. 2.1.

## 10. Almenn ákvæði.

### 10.1 Fyrirframingreiðsla.

Fyrir hverja heimild sem reiknað er með að taki lengri tíma að votta en 20 klst. skal greiða Flugmálastjórn Íslands fyrirfram 150.000 kr. og síðan skal greiða mánaðarlega unnin tímafjöldi. Greiðslu skal lokið áður en heimild er gefin út. Veita má undanþágu frá þessu ef viðkomandi hefur haft aðrar heimildir frá Flugmálastjórn samfelld sl. 3 ár og er skuldlaus við stofnunina.

### 10.2 Ferðakostnaður.

Þurfi eftirlits- og vottunarstarfsmenn Flugmálastjórnar að ferðast innanlands (utan höfuðborgarsvæðisins) eða erlendis til að fylgjast með því að skilyrði heimildar séu fyrir hendi eða vegna útgáfu nýrra heimilda greiðir handhafi heimildar fargjöld eftirlitsmanna og dagpeninga samkvæmt kjarasamningum starfsmanna ríkisins, enda sé ferðakostnaður og upphald ekki innifalinn í öðrum þjónustugjöldum.

### 10.3 Útlagður kostnaður vegna sérfræðiþjónustu.

Flugmálastjórn er heimilt að endurkrefja umsækjanda um leyfi, heimildir og skírteini svo og handhafa þeirra um útlagðan kostnað vegna sérfræðiþjónustu, t.d. lögfræði- og endurskoðunarþjónustu, sem stofnunin kaupir til yfirferðar og staðfestingar á gögnum, vottunar og úttekta eða vegna annars nauðsynlegs eftirlits sem varðar umsókn hans eða eftirlit með leyfi, heimild eða skírteini.

### 10.4 Þjónustu óskað.

Heimilt er að taka gjald fyrir þjónustu sem innt er af hendi fyrir eftirlitsskyldan aðila hafi viðkomandi bæði óskað eftir þjónustunni og samþykkt greiðslur fyrir hana.

### 10.5 Úttekt vegna frávika.

Ef í úttekt á eftirlitsskyldum aðila með heimild til reksturs kemur fram alvarlegt frávik er heimilt að innheimta aukalega tímagjald, sbr. gr. 2.1, fyrir úttekt á leiðréttingunum.

## 11. Greiðsla gjalda og gjalddagar.

Gjöld samkvæmt gjaldskrá þessari greiðast til Flugmálastjórnar Íslands og falla í gjalddaga við útgáfu skírteinis, heimildar eða vottorðs, nema annað sé tekið fram.

### 11.1 Gjöld sem skal staðgreiða.

- a. Gjöld samkvæmt gr. 3.1-3.7 (Útgáfa lofthæfiskírteinis og hávaða- og mengunarvottorðs) skal staðgreiða.

Handhafar starfsleyfa útgefna af Flugmálastjórn njóta greiðslufrests, enda séu þeir í skilum við stofnunina. Þegar greiðslufrestur er veittur er uppgjörstímabil þrjú mánuðir, þ.e. febrúar – maí – ágúst – nóvember. Gjalddagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

- b. Gjöld samkvæmt eftirtöldum greinum skal staðgreiða:

- 1.1 (Mat og vottun skv. föstu gjaldi),
- 1.2 (Mat og vottun skv. tímagjaldi),
- 4.1-4.4 (Skráning loftfars),
- 5.17 (Námskeiðahald),



- 5.8.2-5.8.7 (Samþykki vegna flugverndar),
- 6.1-6.3 (Prófgjöld),
- 7. (Ýmsar heimildir), og
- 9. (Sérstök þjónusta sem óskað er).

Handhafar starfsleyfa útgefinna af Flugmálastjórn njóta greiðslufrests, enda séu þeir í skilum við stofnunina. Þegar greiðslufrestur er veittur er uppgjörstímabil þrjú mánuðir, þ.e. janúar – apríl – júlí – október. Gjaldldagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir lok uppgjörstímabils.

11.2 Gjaldldagar vegna annarra en staðgreiðsluskyldra gjalda Uppgjörstímabil annarra gjalda en getur um í grein 11.1 er janúar – apríl – júlí – október. Gjaldldagi er 15. dagur næsta mánaðar eftir uppgjörstímabil.

Hér er um að ræða eftirtalin gjöld:

- 2. (Útgáfa starfsleyfa og skírteina – lögaðilar),
- 5.1-5.7 og (Árleg eftirlitsgjöld),
- 5.9-5.16
- 5.8.1-5.8.2 (Samþykki vegna flugverndar),
- 5.17 (Árleg eftirlitsgjöld),
- 8. (Samhæfing og samstarf við erlend stjórnvöld),
- 10.5 (Úttekt vegna frávíka).

11.3 Dráttarvextir.

Heimilt skal Flugmálastjórn að innheimta dráttarvexti á kröfu frá gjaldldaga til greiðsludags í samræmi við ákvæði vaxtalaga.

12. Gjaldskrá þessi er sett samkvæmt 9. gr. laga nr. 100/2006 um Flugmálastjórn Íslands, sbr. 1. gr. laga nr. 171/2006 og staðfestist hér með til að öðlast gildi þann 1. janúar 2007 og birtist til eftirbreytni öllum þeim sem hlut eiga að máli. Jafnframt fellur úr gildi gjaldskrá nr. 535/2000 um þjónustu flugöryggissviðs Flugmálastjórnar Íslands.

*Samgönguráðuneytinu, 29. desember 2006.*

**Sturla Böðvarsson.**

*Ragnhildur Hjaltadóttir.*

## VIÐAUKI 1

**Dæmi um vottanir og úttektir sem greitt er tímagjald fyrir samkvæmt reikningi til Flugmálastjórnar Íslands.**

1. EASA vottanir og úttektir gerðar fyrir EASA sem gjaldskrá þeirra nær ekki til.
2. Útgáfa tegundarskírteina eða breytinga á þeim sem EASA reglur taka ekki til.
3. Veiting undanþága frá reglugerð EASA.
4. Vottun vegna heimildar til reksturs Part-145 viðhaldsstöðva og Part-G viðhaldsstöðva.
5. Vottun vegna heimildar til viðhaldsstjórnunar Part-M og F.
6. Hvers konar viðbótarvottanir tengdar lofthæfi eins og breytingar og auknar heimildir til handa viðhaldsstöðvum.
7. Hvers konar undanþágur frá lofthæfimalum, t.d. framlenging vegna MEL eða framlenging á „líftíma“.
8. Ferjuheimild ef loftfar er ekki með staðlað lofthæfiskírteini.
9. Vottun hvers konar skóla t.d. FTO, TRTO, ATM og viðbótar námskeiða/leiða.
10. Vottun námskeiða hjá flugrekendum, viðhaldsaðilum eða öðrum sem geta fengið heimild til að halda sértæk námskeið, t.d. vegna tegundarréttinda hvers konar.
11. Vottun vegna útgáfu flugrekandaskírteinis.
12. Vottun varðandi flugrekstrarleyfi.
13. Hvers konar viðbótarvottanir tengdar flugrekendaskírteini eins og ETOPS; CAT, RVSM, MNPS, RNAV, RNP, svæði, flutningur hættulegs varnings svo og hvers konar undanþágur eða frávik frá rekstri.
14. Vottun vegna útgáfu á flugvallarskírteini.
15. Vottun vegna útgáfu starfsleyfis flugvallar.
16. Vottun nýs búnaðar eða verklags á flugvöllum, t.d. þýrlupalla.
17. Vottun og heimild til að reisa hús í nágrenni flugvalla og þar með viðurkenna hindranafleti.
18. Vottun flugverndaráætlna.
19. Vottun farmflytjenda, umboðsaðila, póst- og hraðsendingarfyrirtækja og flugeldhúss / veitingaþjónustufyrirtækja o.fl. vegna flugverndar.
20. Vottun vegna starfsleyfis flugleiðsöguþjónustu.
21. Vottun vegna breytinga á fjarskiptakerfum í flugleiðsöguþjónustu.
22. Vottun flugherma og notkunar þeirra.
23. Vottun starfsemi vegna eftirlits og kvörðunar vegna flugleiðsögubúnaðar.
24. Vottun til heimildar til útleigu loftfara.